

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur Seljavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	8.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Stofnfiskur	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Staðarbergi 2-4	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Örn Victorsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sölvi Sturluson Snæfeld	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í stöð Stofnfisks við Seljavog til þess að staðfesta að um starfsemi væri að ræða í stöðinni en skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr.

Fimm frávik komu fram við eftirlitið er varða rekstur án starfsleyfis, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, neyðaráætlun vegna (ó)tímabundinnar rekstrarstöðvunar, losun efna út í umhverfið án starfsleyfis og skráningar á losun.

Ein ábendingar er gerð er varðar umgengni fyrir utan stöð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun.

Stöðin og aðstæður voru skoðaðar. Um er að ræða litla stöð. Eins og stendur er í stöðinni tilraunaklak og seiðældi á laxi. Til stendur að stækka stöð og ala hrognkelsi líkt og í Kirkjuvogi. Frárennsli fer í rotþró og þaðan út í sjó. Engar mælingar hafa verið gerðar á losun efna út í umhverfið. Skráningar í rekstrardagbók eru góðar.

Áhættumat og viðbragðsáætlun v/bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar fyrir stöðina. Trygging v/bráðamengunar er í gildi fyrir allar stöðvar Stofnfisks.

Frávik frá	Lýsing á frávik
6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit	Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum. Rekstur í stöðinni er án starfsleyfis.

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vantar.

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða ótímabundinnar rekstrarstöðvunar vantar.

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Losun efna í náttúruna er ekki skráð.

12. gr reglugerðar 796/1999 um varnir gegn Öll losun mengandi efna í vatn er óheimil án starfsleyfis. mengun vatns

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að bæta umgengni fyrir utan stöðina.

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2018

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

